

Ed.

423. Frumvarp til laga

[104. mál]

um landgræðslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 153 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Landgræðsla ríkisins fer með landgræðslumál samkvæmt lögum þessum og skal hafa aðsetur í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Starfsemin greinist í tvo þætti:

1. Sandgræðsla (uppgræðsla), sem er hefting jarð- og sandfoks og græðsla gróðurlausra og gróðurlitilla landsvæða.
2. Gróðurvernd, sem kemur í veg fyrir ofnotkun gróðurs, hindrar hvers konar skemmdir á gróðurlendi og bætir gróð land til að auka mótstöðuafli þess gegn eyðingu.

3. gr. hljóðar svo:

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála. Hann skipar landgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, sem jafnframt hefur umsjón með landgræðslumálum fyrir hönd ráðherra.

Landgræðslustjóri skal hafa háskólapróf í búfræði eða hliðstæðum greinum. Ráðherra skipar fulltrúa landgræðslustjóra að fengnum tillögum hans, og skal hann fullnægja sömu menntunarskilyrðum og landgræðslustjóri. Heimilt er að fela fulltrúa sérstaklega meðferð annars hvors þáttar landgræðslumála undir yfirstjórn landgræðslustjóra samkv. 2. gr.

8. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að styrkja landeigendur með framlagi úr ríkissjóði til að koma upp girðingu um uppblásturssvæði eða vanhgróð land, græða það og halda girðingu við, meðan á græðslu stendur. Styrkir mega nema allt að  $\frac{2}{3}$  kostnaðar við þessar framkvæmdir.

Umsóknir um styrk til þessa skal senda landgræðslustjóra ásamt lýsingu á staðháttum og ástæðum fyrir umsókninni. Þegar landgræðslustjóri hefur kynnt sér málið, sendir hann umsóknina með greinargerð og kostnaðaráætlun til landbúnaðarráðuneytisins, sem tekur ákvörðun um styrkveitingu.

Til tryggingar því, að landeigandi greiði sinn hluta kostnaðar, skal hann setja landið að veði. Hrepps- eða sýslunefnd er heimilt að taka ábyrgð á, að framlag landeiganda sé innt af höndum, og kemur þá sú ábyrgð í stað veðsetningar.

Áður en verk er hafið, skulu landgræðslustjóri og landeigandi gera með sér samning um umráð lands og framkvæmdir, meðan á græðslu stendur. Þegar landið er fullgróð að dómi landgræðslustjóra, skal jarðeigandi taka við því. Landgræðslustjóri getur sett reglur um meðferð landsins, sem jarðeiganda er skylt að hlíta.

Fáist arður af landgræðslusvæðinu, meðan á græðslu stendur, skal hann ganga upp í kostnað við landgræðsluna, unz afhending fer fram.

Eigi fleiri en einn landeigandi hlut að máli, má binda stuðning ríkissjóðs því skilyrði, að þeir stofni til félagsskapar um framkvæmdir. Skal þá farið eftir ákvæðum IV. kafla laganna.

40. gr. hljóðar svo:

Þegar rannsaka þarf beitarþol og hættu á gróðureyðingu samkvæmt 7., 22. og 23. gr., skal fela Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans að annast rannsóknirnar. Búnaðardeildinni ber að leita eftir plöntutegundum, sem vænlegar eru til landgræðslu.